

Alþingi
Erindi nr. Þ 131/1342
komudagur 15.4. 2005

Reykjavík 15. apríl 2005

Heilbrigðis og Trygginganefnd Alþingis

Vegna tillögu til þingsályktunar
131.löggjafarþing 2004-2005.
Þskj.71 ---71. mál

Frá Önnu Þrúði Þorkelsdóttur, þjóðfræðingi, forstöðumanns
Þjónustuíbúða og félagsmiðstöðvar aldraðra Norðurbrún 1 104 Reykjavík.

Fagna ber þessari merku tillögu til þingsályktunar og hefur undirrituð engar athugasemdir við hana en vildi gjarnan sjá tillögu til viðbótar úrræða.

“Þunglyndi, kvíði og einmanaleiki á ekki að vera eðlilegur fylgifiskur efri áraanna”
Stendur í greinargerðinni og lagt er til að skoða ýmis úrræði ss. aukna félagslega ráðgjöf, meiri þjónustu öldrunarlækna og aukna hreyfingu.

Þetta eru hin bestu mál en ég sakna að lítið verði á rætur vandans sem ég tel að skoða þurfi í fullri alvöru ásamt sérfræðingum og lyfjum.

Rætur vandans eru ma. viðhorf og virðingarleysi gagnvart öldruðum, (ekki gjaldgengir sem virkir þjóðfélagsþegnar), þröngur fjárhagur (tvísköttun og lágar tryggingabætur) Áhyggjur af fjármálum og ekki svigrúm til eins eða neins.

Eftirlaunatekjur ekki í neinu samræmi við framfærslukostnað hjá alltof mörgum.

Starfslok mörgum þung í skauti, fjárhagslega og félagslega

Auk þess ekkert hlutverk í lífinu (farin af vinnumarkaði, börnin flogin,einsemd) mega ekki einusinni hafa gæludýr sér til ánægju.

Að vera án hlutverks í 20-30 ár er ekki uppörfandi til hugsun.

Með virðingu og vinsemd
Anna Þrúður Þorkelsdótti